



Rangárþing eystra

## FUNDARGERÐ

**66. fundur Stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs.**  
**haldinn á skrifstofu Rangárþings ytra, 24. ágúst 2020 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Anton Kári Halldórsson, Hjalti Tómasson, Guðmundur Gíslason, Margrét Jóna Ísólfsdóttir, Ágúst Sigurðsson, Valtýr Valtýsson og Ólafur Rúnarsson.

**Fundargerð ritaði:** Anton Kári Halldórsson, Ritari.

**Dagskrá:**

**1. Brunavarnir Rangárvallasýslu bs.; Ársreikningur 2019 - 2008041**

*Lagður fram ársreikningur fyrir Brunavarnir Rangárvallasýslu bs. fyrir árið 2019. Stjórn samþykkir samhljóða ársreikninginn.*

*Samþykkt*

**2. Brunavarnir Rangárvallasýslu bs.; Rekstraryfirlit jan-júní 2020 - 2008042**

*Margrét Jóna Ísólfsdóttir fjármálastjóri Rangárþings eystra fer yfir rekstraryfirlit Brunavarna Rangárvallasýslu bs. fyrir janúar - júlí 2020.*

*Rekstur Brunavarna er talsvert undir áætlun. Skýring á því er staðan sem uppi hefur verið í samfélaginu og þar af leiðandi útköllum og æfingum fækkað til muna frá fyrri árum.*

Margrét Jóna Ísólfsdóttir yfirgefur fundinn.

**3. Nýbygging slökkvistöðvar á Hellu - 1911021**


Nýbygging slökkvistöðvar á Hellu er nú lokið. Ólafur Rúnarsson eftirlitsmaður með verkinu mætir til fundar og fer yfir framkvæmdina.

*Ólafur Rúnarsson fer yfir framkvæmd við nýbyggingu slökkvistöðvar. Framkvæmdin gekk á heildina litið mjög vel og var á áætlun. Stjórn vill þakka verktaka og eftirlitsmanni fyrir vel unnin störf.*


*Fyrihugað er að slökkvilið flytji starfsemi sína í nýju bygginguna helgina 29.-30. ágúst 2020. Í ljósi aðstæðna verður ekki formleg opnun né opið hús fyrr en að samkomutakmörkunum verður aflétt.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:45**


  
Anton Kári Halldórsson

  
Guðmundur Gíslason

  
Ólafur Östymann

  
Hjalti Tómasson

  
Ólafur Rúnarsson

  
Arnaldur Björnsson